



### Forsaga

Á árunum 2002-2005 stóð yfir rannsóknarverkefni í skógum á Austurlandi (Fljótsdalshéraði) og Vesturlandi (Skorradal) sem ræktaðir voru á áður skóglausu mólendi. Verkefnið hét **SKÓGVIST (ICEWOODS)** og var samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Héraðs- og Suðurlandsskóga.


Markmið verkefnisins var að kanna hvaða **breytingar verða á lífríki, kolefnishringrás og jarðvegspáttum mólendis við skógrækt.**

Árið 2021 lagði matvælaráðherra fram samþætta aðgerðaráætlun og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt fyrir árin 2022-2026, "**Land og líf**". Eitt aðalmarkmið hennar er að meta hvaða áhrif breytt landnotkun, til að mynda skógrækt, hefur á líffjölbreytni.

### Skógvist II


Til að meta þessi áhrif var ákveðið að stofna rannsóknarverkefnið **SKÓGVIST II** þar sem gömlu mælitirnin úr verkefninu SKÓGVIST í Skorradal voru endurmældir, 20 árum eftir fyrstu mælingar. Verkefnið hófst árið 2023 og fóru flestar mælingar fram árið 2024. Það er unnið af *Landi og skógi* í samvinnu við *Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Náttúrustofu Norðurlands vestra.*

Í verkefninu voru endurteknar rannsóknir á tegundaaúðgi hjá **fuglum, fléttum, háplöntum, skordýrum, ánamöðkum og trjáplöntum** í mismunandi skógarreitum og sambærilegu mólendi til viðmiðunar. Einnig verða **ýmsir jarðvegspáttir og lífverur í jarðvegi skoðuð** með nýjustu tækni raðgreiningar á erfðaeefni.



Nafn	Gróður	Aldur (ár)	Stærð (ha)
M	Mólendi		>3
B1	Birki (lágvaxið kjarr)		>3
B3	Birki (hávvaxið kjarr)	Friðað 2004	>3
F1	Stafafura	34	1,8
F2	Stafafura	56-59	>3
F3	Stafafura	65-66	>2
G1	Sitkagreni	29	
G3	Sitkagreni	63-64	3,2
G4	Sitkagreni	63	4,1

Staðsetning mælitra í Skorradal (mynd) og grunnupplýsingar um þá (tafla).



### Helsti ávinningur af Skógvist II

- Aukin þekking á **lífríki Íslands** og hvernig það breytist þegar skógur vex upp á skóglausu **mólendi**.
- Meiri upplýsingar um hvernig **vistfræði íslenskra skóga breytist** með tímanum, eftir því sem skógurinn eldist.
- Aukin þekking á **tegundasamsetningu** lykil-lífveruhópa í skógum á Íslandi og hvernig hún er breytileg á milli skógargerða.
- Aukið **samstarf á milli stofnanna** sem vinna að skildum málefnum og sérfræðiþekking nýtt þvert á stofnanir.

**Allt þetta stuðlar að betri og auðveldari ákvörðunartökum í skógrækt og skipulagsmálum til framtíðar.**

### Teymið og samstarfsstofnanir



- Stofnun
- Land og skógur
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Náttúrustofa NV-lands
- Náttúrufræðistofnun Háskóla Íslands

